

UPPSETNING Á YLEININGUM

- Undirbúningur:**
 - Þakflötur mældur upp. Grunnlína snúruð og önnur lína hornrétt á hana. (afh. reglu um réthyrnda þríhyrninga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
 - Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á búkka þannig að bárunar snúi upp. Yfirborð búkka þarf að vera slétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki. Einingin vegur um 15 kg metrinum þannig að lengstu einingarnar, 12m, vegu um 150 kg og eru því 2-4 manna tók.
 - Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki. Liggjandi veggþingum er ræðað neðan frá og upp. Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttlistar gægist hvergi út.
- Vinna við einingu fyrir hífingu:**
 - Illmod borðar eru límdir á einingu. Annar borðinn er límdur á falsið á neðra byrðinu. Hinn borðinn er límdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lendi á til þess gerðu úrtaki í sköruninni. Einnig er hægt að líma borðann ofan á hábáru fyrir plötunnar, í fyrrgreint úrtak, en þá er meiri hætt á að skörunarbára efri einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hnaski.
 - Ef um er að ræða enda að mæni þarf að beygja upp lágbáruna með til þess gerðu klaufjárni.
- Undirbúningur á burðarvirki fyrir hífingu.**
 - Innri áfellum er komið fyrir. Um er að ræða stétt vinkla við þakbrúnir og gafla og stétt renninga á samskeytalangband ef þannig háttar. Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghóðast innri kjölur eftir, þá þarf að setja áfelli ofaná burðarramma. Kíttistaumur komi á allar innri áfellur sem eining sest á. **Áriðandi er að kíttistaumur sé nógu þykkur til að fylla alveg á milli einingar og áfelli.**
- Hífing á einingu.**
 - Hífingarklemmur eru settar á eininguna. Staðsetning þeirra þarf að taka mið af langböndum og þakhalli. Alltaf eru notaðar tvær klemmur. Tvö augu eru á klemmunum fyrir lása eða bönd, annarsvegar fyrir þakhífingar, hinsvegar fyrir vegghífingar. Kranakeðjum(-stroffum) er krækt í klemmur. Gott er að setja bönd í a.m.k. aðra klemmuna til að halda við eininguna í hífingunni.
 - Einingin er hífð upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
 - Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúning skv. lið 2. Gott er að fylla einingu með einni skrúfu í neðsta langband.
 - Lagðar eru út 4-6 einingar eftir því sem henta þykir m.t.t. máttlína hússins.
- Afrótting á einingum.**
 - Mikilvægt er að pressa einingarnar í sama mál í báða enda.**
 - Hver eining klæðir 1000 - 1003 mm.
 - Viðbúð er að pressa þurfi einingar í þaki um 10 - 20 mm. Þegar pressað er þarf að losa um skrúfur sem notaðar voru til að fylla einingunum að neðan. Þessu næst eru einingar fullskrúfaðar og næstu 4-6 einingar settar niður á sama hátt og að framan er lýst.


Mikilvægt er að verklysingu sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.
Til fróðleiks:
 Varðandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3-4 í uppsetningu eininga, fleiri í stórum verkum. Toppar í skrúfvélar eru 10 mm eða 3/8".

Tafla sýnir mismunandi borstærðir fyrir þá stálþykkt sem borað er í

Stálþykkt	Borstærð	Skrúfur
1,0 - 2,0 mm	Ø 4,00 mm	A
2,1 - 3,0 mm	Ø 5,05 mm	A
3,1 - 3,9 mm	Ø 5,05 mm	BZ
4,0 - 8,0 mm	Ø 5,65 mm	BZ
8,1 - 15,0 mm	Ø 5,80 mm	BZ
+ 15,0 mm	Ø 5,95 mm	BZ


Við mæni/þakglugga

Klippa þarf úr yfirlöppun meðfram illmod borða og 100 mm niðureftir einingu. Þetta er einungis gert við mæni og þakglugga til að báruþéttlisti nái að þétta.



Við þversamskeyti á þaki/veggjum - þar sem við á


Klippa þarf af yfirstáli á einingu alveg upp að frauði til að einingarnar nái að falla rétt saman á samskeytum. Þetta á einungis við þar sem einingar yfirlappast.



Lausholt í límrésgrið við glugga og hurðir skal staðsetja eftir að yleiningar hafa verið settar upp. Eftir skal miða við hábáru á einingu. Sjá sémyndir.

ALMENNAR SKÝRINGAR

ST-107 DV YLEININGAR Á ÞAK OG VEGGI



- 0,6 mm STÁLPLÖTUR, GALVANISERADAR OG GRUNNMAÐARAR Á BÄÐUM HLIÐUM. ÚTFLIÐ STÁLPLATA ER AUK ÞESS HÚÐUÐ MEÐ 0,2 mm PLASTISÓLFILMU (PVC).
- PIR-EINANGRUN, SJÁLFLÖKKANDI OG ILLTENDRANLEG KÖLNUNARTALA FYRIR EINGU 0,29 W/m² °C

Litur	Úti	Inni
ÞAK	Grænn (RAL 6003)	Hvítur (RAL 9010)
VEGGIR	Hvítur (RAL 9010)	Hvítur (RAL 9010)

Númeraðar skýringar fyrir delli ná til þeirra efnispátta sem **Límtré Virnet ehf.** leggur til nema að annað sé tekið framm.